

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samflot og samferðabrautir í Reykjavík

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að nýta forgangsakgreinar fyrir almenningssamgöngur í Reykjavík jafnframt sem samferðabrautir fyrir þá sem fjölmenna í bíla í samfloti, þrír eða fleiri, og draga þar með úr bílaumferð með bættri nýtingu.

Greinargerð:

Markmiðið með þessari tillögu er að minnka umferðarteppur í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Með samferðabrautum (e. Car pool lanes eða High occupancy vehicle lanes) yrði áhersla lögð á að flytja sem flest fólk á milli staða á hverjum tíma en ekki sem flesta bíla. Forgangsakreinar fyrir almenningssamgöngur í Reykjavík, stundum kallaðar Rauði dregillinn, sem hingað til hefur einungis verið fyrir strætó, leigubifreiðar og forgangsakstur yrðu þá einnig nýttar af öðrum ökutækjum með þrjú eða fleiri farþega.

Umhverfis- og skipulagssviði verði falin útfærslan í samráði við Vegagerðina.

Gulrót frekar en písk

Samkvæmt ferðavenjukönnun (Capacent Gallup 2018) höfðu 61% svarenda farið síðustu ferð sína þegar könnun var gerð sem bílstjóri í bíl en hlutfallið hefur farið eilítið hækkandi frá því að Gallup gerði fyrst könnun af þessu tagi árið 2002. Aftur á móti leiddi könnunin í ljós að aðeins 15% svarenda sem farþegar í bíl og hefur það hlutfall lækkað. Tillagan hvetur með jákvæðum hætti til þess að fólk sem ferðast með bílum verði í samfloti og fellur því vel að þeim markmiðum að bæta umferðina og flæði allrar umferðar á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að minnka útblástur og mengun.

Umferðaröryggi, mengun og hagkvæmni

Á síðustu árum hefur bæði bílaumferð aukist og ferðum þar sem fólk ferðast eitt í bíl fjölgað. Það er kostnaðarsamt bæði fyrir borgarkerfið og umhverfið. Ferðatími og tafir á umferð innan borgarinnar hefur verið að aukast sem leiðir af sér meiri mengun og aukinn útblástur á CO₂ og öðrum mengandi efnum. Samferðabrautir hafa verið settar upp víða, til dæmis í Þrándheimi í Noregi, Stokkhólmi í Svíþjóð, Linz í Austurríki og í mörgum fylkjum í Bandaríkjunum. Þá eru samferðabrautir í nokkrum borgum í Bretlandi, til dæmis Leeds, Birmingham, Bristol og Bradford.

Kostnaður

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina liggur ekki fyrir en telja má að hann yrði hverfandi vegna þeirra forgangsakreina sem eru þegar til staðar. Hvort sem um er ræða Sundabraut, mislæg gatnamót, stökkalausnir eða borgarlínu þá er framkvæmdakostnaðurinn hlutfallslega lágur miðað við mikinn ávinning. Framkvæmdatími er jafnframt margfalt styttri og ávinningur kemur í ljós strax enda verið að nýta núverandi forgangsakreinar og aðra innviði.

Niðurlag

Samferðabrautir stuðla að bættri nýtingu á vegakerfinu og umhverfisvænni ferðamáta. Þá er ljóst að ábatinn er mun auðsóttari en nýfjárfestingar í innviðum enda yrði til að byrja með verið að nýta þá innviði sem nú eru þegar til.